



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 2. júní, 2006

Ákvörðun nr. 17/2006

Samruni Lyfja og heilsu hf. og Apóteks Vestmannaeyja ehf.

1.

Þann 20. febrúar 2006 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem fram kemur að Lyf og heilsa hf. hafi keypt þann rekstur Apóteks Vestmannaeyja sem „*lýtur að viðskiptavild og lager*“. Framsetning samrunaskrárinnar tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna¹. Samrunaskránni fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 22. janúar 2006. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 17. mars 2006, tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Þá var aflað tölulegra upplýsinga um rekstur apótekanna í Vestmannaeyjum.

2.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að starfsemi Lyfja og heilsu felist aðallega í smásölu á lyfjum og að félagið reki alls 33 lyfjaverslanir sem dreifðar séu um landið. Annars vegar sé um að ræða 29 apóttek sem rekin séu undir heitinu Lyf og heilsa og hins vegar fjögur apótek undir heitinu Apótekarinn. Um Apótek Vestmannaeyja segir að fyrirtækið reki eitt apótek í Vestmannaeyjum.

Þá kemur fram í tilkynningunni að Lyf og heilsa hafi um nokkurn tíma unnið að því að fá lyfsöluleyfi í Vestmannaeyjum. Slíkt leyfi hafi fengist útgefið á síðari hluta ársins 2005 og þá hafi ný lyfjaverslun verið opnuð í Vestmannaeyjum.

Upplýst er í málinu að áður en kaup á vörubirgðum og viðskiptavild Apóteks Vestmannaeyja áttu sér stað hafði verið tekin ákvörðun um að hætta rekstri Apóteks Vestmannaeyja.

3.

Í fyrri málum þar sem fjallað hefur verið um smásölu lyfja hefur landfræðilegur markaður verið skilgreindur staðbundinn markaður þar sem nálægð kaupenda við seljanda hefur verið talin nauðsynleg m.a. vegna þess að flutningur á lyfjum milli landshluta er háður ýmsum takmörkunum.²

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

² Sjá ákvörðun samkeppnisráðs nr. 4/2001 Samruni Lyfja hf. og Lyfjabúða hf.



Eftir athugun þessa máls telur Samkeppniseftirlitið að ekki séu forsendur til íhlutunar vegna samrunans. Hins vegar hefur Samkeppniseftirlitið, með vísan til IV. kafla samkeppnislaga, hafið athugun á tildrögum þess að Lyf og heilsa settu á fót lyfjaverslun í Vestmannaeyjum og aðgerðum verslunarinnar til að ná fótfestu á svæðinu. Sú athugun getur hins vegar ekki haft áhrif á niðurstöðu þessa máls.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 22. janúar 2006, keypti Lyf og heilsa hf. vörubirgðir og viðskiptavild Apóteks Vestmannaeyja ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson